

Ársskýrsla

skógarvarðarins í Norður- Þingeyjarsýslu 1955.

Tíðarfari var allgott mánuðina jan.- apríl og tíðast snjóleitt, en frosthörkur meiri, en um mörg undanfarin ár. Frá 8. - 16. maí var versta tíðarfari og hlóð niður snjó er tók þó að mestu upp í næstu viku á eftir og voru skógarfarnir orðnir al-laufgaðir 25. maí. Sumarið júní - sept. var með eindænum hlýtt og sólríkt en helst til úrkumulítið fyrir gróðurfar. Í okt.- og nóv. var oftast auð jörð, en desember var umhleypingasamur og mikill snjór og vegir teptir við árslok. Lauffall varð í fyrstu viku okt. eða um viku seinna en venjulegt er hér í Ásbyrgi.

Gróðursetning í Ásbyrgi fór fram dagana 2. - 6. júní og var þá enn frost í jörð til tafar. Sett var niður af hálfu Skógræktar ríkisins 300 stk. skógarfura frá Vöglum, 350 skógarfura frá Tumastöðum, 700 rauðgreni frá (Rana) Tumastöðum, 350 hvítgreni og 50 alaskaaspír.

Dagana 10.- 23. júní tók ég þátt í Noregsför á vegum Skógræktarfélags Íslands. Var dvalið í Prændalögum og unnið að gróðursetningu rauðgr. og skógarf. en farið í skemmtiferðir öðru hvoru. Var fórin öll hin ánægjulegasta og um margt fróðleg. Eftir heimkomuna vann ég að hirðingu skógarins í Ásbyrgi um gestatímann en ferðamannastraumur var meiri í summar, en nokkru sinni áður og mun það m. a. hafa valdið hve tíðarfari hér nyrðra var hagstætt, gagnstætt því, sem var sunnan lands.

Þegar hausta tók vann ég að grisjun og fram á veturinn.

Þá hefi ég leiðbeint við gróðursetningu þegar þess hefur verið óskað, t. d. komu einn dag í vor 6 unglingar ofan af Hólsfjöllum til þess að læra gróðursetningu. Hafði Ungmenna-félag Fjöllunga komið upp girðingu á Viðihóli, en efnið í girðinguna hafði Vernharður Þorsteinsson fyrrv. menntaskóla-kennari gefið féluginu.

Ásbyrgi 30. des. 1955

Erlingur Jóhannsson

(sign)